



Félag löggiltra endurskoðenda

Samþykktir Félags löggiltra endurskoðenda

1. Nafn, tilgangur

1. gr.

Nafn félagsins er "Félag löggiltra endurskoðenda", skammstafað FLE.

2. gr.

Heimili félagsins er í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- Að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna.
- Að vinna að samræmingu á vinnubrögðum félagsmanna.
- Að vinna að bættri þjónustu félagsmanna við viðskiptavini sína og aðra, er byggja á störfum þeirra.
- Að vinna að kynningu á starfssviði félagsmanna.
- Að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi.
- Að gæta hagsmuna félagsmanna sem tengjast störfum þeirra sem endurskoðenda.
- Að vera vettvangur fyrir gagnkvæm kynni félagsmanna.
- Að vinna að því að almennt aðhald sé með starfsemi og framkvæmd starfa endurskoðenda.
- Að koma fram fyrir hönd félagsmanna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m. a. með reglulegum og tíðum fundum félagsmanna, ályktunum og samþykktum, námskeiðahaldi fyrir endurskoðendur og starfsmenn þeirra, eitt sér eða í samstarfi við aðra aðila; einnig með útgáfu fréttablaðs og annarra upplýsingarita, samantekt fræðslugagna, rekstri heimasíðu, rekstri þjónustumiðstöðvar fyrir félagsmenn, samstarfi við hliðstæð félög innlend og erlend og með öðrum þeim hætti sem forsvarsmenn félagsins telja henta og við eiga hverju sinni.

Félagið annast einnig þau verkefni sem því eru falin með lögum um endurskoðendur.

2. Félagsmenn

5. gr.

Félagsmenn skulu hafa öðlast réttindi sem endurskoðendur samkvæmt íslenskum lögum og óska félagsaðildar. Þeir einstaklingar sem eru skráðir sem starfsmenn í starfsþjálfun hjá endurskoðunarfyrtæki geta óskað eftir aukaaðild að félaginu, en mega ekki kenna sig við félagið.

6. gr.

Ef einhver félagsmaður eða aðili utan félagsins hefur unnið mikilvæg störf í þágu félagsins eða stéttarinnar í heild, getur aðalfundur kjörið slíkan mann heiðursfélaga enda beri stjórn félagsins fram tillögu þar að lútandi.

7. gr.

Siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda, FLE, skoðast sem hluti af samþykktum þessum.

8. gr.

Félagsmönnum ber að upplýsa stjórn félagsins um breytingar sem verða á lögheimili þeirra, heimilisfangi starfsstöðvar og tölvupóstfangi. Skal stjórnin halda nákvæma félagaskrá. Er sending fundarboða og annarra tilkynninga gild ef þær eru sendar á lögheimili félagsmanns, þá starfsstöð eða tölvupóstfang sem hann hefur tilkynnt.

9. gr.

Stjórn félagsins tekur ákvörðun um brottvikningu úr félaginu. Ákvörðun um brottrekstur skal tekin með einróma samþykkt stjórnar. Gefa skal félagsmanni kost á að tjá sig um málsatvik áður en ákvörðun er tekin.

10. gr.

Um réttindi og skyldur félagsmanna fer eftir ákvæðum samþykktá þessara.

3. Stjórn og nefndir

11. gr.

- Stjórn félagsins skal skipuð fimm félagsmönnum, formanni, varaformanni og þremur meðstjórnendum.
- Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega til tveggja ára í senn.
- Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formanns- eða varaformannskjöri, en enginn þeirra helming greiddra atkvæða, skal kosið að nýju milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu.
- Meðstjórnendur skulu kosnir til þriggja ára í senn, með þeim hætti að kjósa skal einn árlega.
- Óheimilt er að kjósa sama einstakling til formanns eða varaformanns oftár en einu sinni.
- Stjórnin kys sér sjálf gjaldkera og ritara.
- Kosinn skal endurskoðandi til eins árs.
- Kjörgengir samkvæmt þessari grein eru félagsmenn samkvæmt 1. málslíð 5. greinar.

12. gr.

Fastanefndir félagsins skulu vera eftirfarandi:

1. **Álitsnefnd**, sem hafi það hlutverk að láta uppi fyrir félagsins hönd rökstutt álit um hvers konar fyrirspurnir varðandi starfssvið endurskoðenda, sem fyrir félagið kynnu að verða lagðar af Alþingi, framkvæmdavaldi ríkisins, dómstólum, samtökum, einstökum félagsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra. Nefndin skal leita eftir greinargerð fagnefnda félagsins um einstök mál eftir því sem við á, áður en álit er gefið. Störf sín og ályktanir færir nefndin ásamt rökstuðningi í sérstaka gerðabók, er hún heldur. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðum nefndarinnar, en sérhver nefndarmaður á rétt á að fá bókað sératkvæði sitt.
2. **Endurskoðunarnefnd**, sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun endurskoðunar héraendis og erlendis og vinna að samræmingu á þeim störfum félagsmanna, sem varða endurskoðun almennt. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun siðareglna endurskoðenda á alþjóðavettvangi og gera tillögur að breytingum á Siðareglum FLE ef tilefni er til.
3. **Reikningsskilanefnd**, sem hafi það hlutverk að fylgjast með þróun reikningsskila héraendis og erlendis og vinna að samræmingu á þeim störfum félagsmanna, sem varða reikningsskil almennt.
4. **Menntunarnefnd**, sem hafi það hlutverk að fylgjast með menntun og endurmenntun á starfssviði endurskoðenda og hlutist til um að nægilegt framboð sé á hverjum tíma til endurmenntunar, samkvæmt lögum um endurskoðendur, í samráði við stjórn félagsins og fagnefndir.
5. **Skattanefnd**, sem hafi það hlutverk að fylgjast með meiriháttar breytingum á skattalöggjöf og reglugerðum og kynna fyrir félagsmönnum, svo og að sjá um samskipti við skattfyrirvöld í samráði við stjórn félagsins.

Auk greindra fastanefnda getur stjórnin skipað sér við hlið nefndir til að annast tiltekin málefni innan félagsins, eftir því sem ástæða þykir til.

13. gr.

Á aðalfundi skal kjósa einn mann í senn til fjögurra ára í hverja fastanefnd félagsins samkvæmt tölulíðum 2-6 í 12. gr. samþykktanna. Kjörgengir samkvæmt þessari grein eru félagsmenn samkvæmt 1. málslíð 5. greinar.

Í Álitsnefnd skal kjósa tvo menn og einn varamann, en í nefndinni eiga sæti, auk þeirra, formaður stjórnar FLE, varaformaður og fyrrverandi formaður.

Í Álitsnefnd eiga því sæti fimm félagsmenn en fjórir í öðrum fastanefndum. Forfallist nefndarmaður á kjörtímabili skal stjórnin skipa mann í hans stað þar til nýr verður kosinn á næsta aðalfundi félagsins.

14. gr.

Sem fyrst eftir að kosið og skipað hefur verið í fastanefndir skal stjórn FLE boða til funda í nefndunum. Á fyrstu fundum skulu kosnir formenn nefndanna og ritarar hverrar einstakrar nefndar.

Fastanefndir skulu halda gerðabækur um fundi sína. Auk venjulegra bókana fundargerða skal í upphafi starfsárs leitast við að koma saman starfsáætlun fyrir hverja fastanefnd og taka saman meginþætti starfa í lok starfsárs.

4. Fundir og fundarsköp

15. gr.

Formaður kveður stjórnina til funda þegar hann telur þess þörf eða einn meðstjórnenda óskar þess.

16. gr.

Stjórnin boðar til félagsfunda ef þurfa þykir og skal til þeirra boðað með tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt með viku fyrirvara. Í fundarboði skal stuttlega geta þeirra mála, er fjallað skal um á fundinum.

Fimmti hluti félagsmanna hið fæsta hefur rétt til að krefjast félagsfundar. Skal það gert skriflega og greina fundarefni. Skal stjórnin boða til fundarins með venjulegum hætti, sem haldinn skal innan fjórtán daga frá því að henni barst krafa þar um og geta skal fundarefnis í fundarboði. Nú verður stjórnin ekki við kröfu um slíkt fundarhald og geta þá þeir, sem fundarins krefjast, boðað til hans sjálfir.

17. gr.

Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en í nóvembermánuði ár hvert. Skal boðað til hans bréflega, með tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt, með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Félagmenn með aukaaðild að félaginu samkvæmt 2. málslíð 5. greinar hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi en eru með tillögurétt og málfrelsi.

Aðalfundi stýrir fundarstjóri, sem kosinn er til þess af fundarmönnum og tilnefdir hann fundarritara. Hann rannsakar í fundarbyrjun, hvort löglega hafi verið til fundarins boðað og lýsir því síðan hvort svo sé.

Fundarstjóri skal stjórna fundinum samkvæmt samþykktum félagsins og almennum reglum um fundarsköp.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Kosning fundarstjóra.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgreiðslu.
4. Skýrslur fastanefnda.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef um þær er að ræða.
6. Kosning formanns.
7. Kosning varaformanns.
8. Kosning meðstjórnenda.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Kosning tveggja aðalmanna og varamanns í Álitsnefnd.
11. Kosning eins manns til fjögurra ára í Endurskoðunarnefnd.

12. Kosning eins manns til fjögurra ára í Reikningssskilanefnd.
13. Kosning eins manns til fjögurra ára í Menntunarnefnd.
14. Kosning eins manns til fjögurra ára í Skattanefnd.
15. Kosning eins manns til tveggja ára í stjórn Námsstyrkjasjóðs.
16. Tillaga stjórnar um ársstillag félagsmanna næsta reikningsár.
17. Önnur mál.

Atkvæðagreiðslur fara fram eftir því, sem fundarstjóri kveður nánar á um. Þó skal skrifleg atkvæðagreiðsla fara fram, ef einhver fundarmanna krefst þess.

18. gr.

Á fundum félagsins ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

Hver félagsmaður hefur eitt atkvæði og er óheimilt að veita öðrum umboð til að fara með atkvæði sitt.

19. gr.

Haldin skal gerðabók þar sem í skal rita stutta skýrslu um það, sem gerist á félagsfundum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefur fram á fundinum.

Í sérstaka gerðabók skal einnig skrá skýrslu um stjórnarfundum með sama hætti og skal hún staðfest af öllum viðstöddum stjórnarmönnum.

5. Fjármál

20. gr.

Félag löggiltra endurskoðenda er ekki rekið í hagnaðarskyni, heldur skal nota allar eignir og tekjur þess til að vinna að tilgangi þess. Fjárhagur FLE er óháður fjárhag einstakra félagsmanna. Enginn félagsmaður á hlutdeild í eignum félagsins né er nokkur þeirra ábyrgur fyrir greiðslum skuldbindinga þess.

Að því leyti sem til skattlagningar kemur er félagið sjálfstæður skattaðili.

21. gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst.

22. gr.

Aðalfundur ákveður ársstillag félagsmanna fyrir hvert ár fyrirfram. Skal stjórnin leggja fram tillögu þar að lútandi. Ársstillag félagsmanna með aukaaðild samkvæmt 2. málslíð 5. greinar skal vera 1/5 af samþykktu gjaldi aðalfundar.

Stjórn félagsins ákveður gjald sem félagsmenn greiða fyrir ýmsa þjónustu svo sem ráðstefnur, námskeið og önnur tilfallandi verkefni.

Stjórn félagsins er heimilt að lækka ársstillag þeirra félagsmanna sem eru með innlögð réttindi.

Félagsmenn 67 ára og eldri sem hættir eru störfum geta sótt um niðurfellingu á ársstillagi til félagsins.

Stjórn félagsins er heimilt að fella niður ársstillög, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Inntökugjald endurskoðenda í félagið er 50% af ársstillagi, enda greiði félagsmaður ekki ársstillag það reikningsár, er hann gerist félagsmaður.

Félagsmaður, sem fer úr félaginu hvort heldur vegna úrsagnar eða af öðrum ástæðum, á ekki endurkröfurétt til greiddra félagsgjalda.

23. gr.

Firma félagsins rita formaður þess og tveir stjórnarmanna. Stjórnin getur veitt framkvæmdastjóra prókúrumboð fyrir félagið.

6. Ýmis ákvæði

24. gr.

Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins eða um félagsslit skal ítarlega getið í fundarboði og skulu þær bornar fram á aðalfundi. Óðlast þær tillögur aðeins gildi ef 2/3 hlutar greiddra atkvæða eru með þeim. Þó getur félagsfundur gert breytingar á samþykktum þessum ef enginn félagsmaður greiðir atkvæði gegn breytingartillögu sem fram er borin.

Þannig samþykkt á aðalfundi Félags löggiltra endurskoðenda 14. nóvember 1998.

Breytingar samþykktar á aðalfundi félagsins 13. nóvember 2004, 14. nóvember 2008, 14. nóvember 2009, 5. nóvember 2010, 4. nóvember 2011, 31. október 2014, 28. október 2016, 1. nóvember 2019, 13. nóvember 2020, og 10. nóvember 2023.